

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda, í 18 sinn!



Neðri röð frá vinstri: Auður Lóa Gunnarsdóttir, Björn Óskar Þorsteinsson, Sigurður Eysteinn Gíslason, Ingi Ásmundsson, Sólveig Björnsdóttir, Guðmundur Heiðar Ágústsson, Anna Lilja Ægisdóttir, Magnús Karl Magnússon
Efri röð frá vinstri: Paul Jóhannsson, heiðursdómari NKG, Gréta María Halldórsdóttir, Ragnar Björgvin Tómasson, Gunnlaug H. Ásgeirsdóttir, Kristján Orri Daðason, Sandra Sif Halldórsdóttir, Haraldur Orri Hauksson og Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands

Laugardaginn 19. september sl. var haldið lokahóf [Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda](#) í Grafarvogskirkju. Þar voru saman komnir ungir hugvitsmenn og aðstandendur þeirra til að halda upp á afrek ársins 2009. Í ár komu 2700 hugmyndir barna á aldrinum 6 – 16 ára frá 60 skólum.

Þetta er í átjándi skipti sem nýsköpunarkeppnin er haldin og í ár fylgdu þau ánægjulegu tíðindi að mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, hafi tryggt rekstur keppinnar til næstu þriggja ára með samningi við Vitann verkefnastofu sem hefur haft umsjón með keppninni síðan 2007.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands og verndari keppinnar, afhenti 15 einstaklingum verðlaun í hinum ýmsu flokkum.

Berglind Rós Magnúsdóttir, ráðgjafi ráðherra, flutti hátíðarræðu og afhenti viðurkenningar til þriggja afkastamestu grunnskóla landsins í innsendum hugmyndum. Bronsviðurkenningu hlaut Brúarásskóli á Fljótsdalshéraði. Silfurviðurkenningu hlaut Þjórsárskóli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og gullviðurkenningu hlaut Hofstaðaskóli í Garðabæ. Farandbikarinn fór til Hofstaðaskóla.

Norðurljósin – kraftur skapandi ungs fólks

Árið 2009 er ár skapandi hugsunar og nýsköpunar í Evrópu. Að því tilefni mun mennta- og menningarmálaráðuneytið standa fyrir þriggja daga alþjóðlegri ráðstefnu, 2. – 4. desember á Grand Hótel Reykjavík.

Ráðstefnan ber yfirskriftina [Innovation and Creativity in the Hands of the Young 2009](#). Markmið hennar er að draga fram dæmi úr norrænu samfélagi um ungt skapandi fólk og hvernig menntakerfin geta stutt við það fyrstu skrefin. Skipulag ráðstefnunnar hefur verið í höndum norræns samstarfshóps og er hún framlag Íslands í norrænu samstarfi.

Dagskráin einkennist af umfjöllun um skapandi starf innan og utan hins formlega skólakerfis, mikilvægi listmenntunar og annars skapandi starfs í grunnmenntun og raunverulegum dæmum um það sem hefur tekist vel. Ungt fólk frá öllum Norðurlöndunum mun kynna störf sín og sköpun í bland við fræðilega umfjöllun um stefnumótun og kennsluhætti.

Ráðstefnan er opin öllum sem hafa áhuga á skapandi starfi ungs fólks á öllum aldri og er enn hægt að skrá sig á vefsíðunni www.yourhost.is/ICHY2009

Heimsókn ráðherra á Blönduós

Fimmtudaginn 24. september heimsótti mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, Grunnskólann á Blönduósi. Með í för voru formaður og framkvæmdastjóri landssamtakanna Heimili og skóli en samtökin veittu Grunnskólanum á Blönduósi og Fræðsluskrifstofu A-Húnavatnssýslu [Foreldraverðlaunin 2009](#) fyrir verkefnið Tökum saman höndum. Markmið verkefnisins er að bæta líðan og námsárangur nemenda í unglingsátt Grunnskólans á Blönduósi. Ráðherra hittu nemendur, starfsfólk og forystumenn í sveitarfélaginu í íþróttahúsi skólans.

Dagurinn var helgaður íþróttum og voru allir, bæði nemendur og starfsfólk, önnu kafnir í íþróttahúsinu þegar ráðherra bar að garði. Eftir hádegisverð í mótuneyti skólans var haldið í gamla Kvennaskólahúsið sem nú hýsir Textílfsetur Íslands. Þar kynntu fræðslustjóri, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri verðlaunaverkefnið. Verkefnið snýst um að allir aðilar sem koma að þjónustu við barnið vinni

saman með viðkomandi unglingi og foreldrum. Að mati aðstandenda verkefnisins hefur náðst verulegur árangur.

Eurydice

Eurydice er upplýsinganet um menntamál í Evrópu. Það starfar á vegum Evrópusambandsins og nær einnig til EFTA-ríkjana sem taka fullan þátt í starfsemi þess samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Alls tekur 31 land þátt í starfsemi [Eurydice](#).

Eurydice upplýsinganetið hefur starfað síðan 1980 og tilheyrði Sókrates áætluninni en hefur síðan 2007 verið hluti af aðgerðaáætlun Evrópusambandsins á sviði símenntunar og stjórnaf [EU Education, Audiovisual and Culture Executive Agency](#). Ísland hefur tekið þátt í starfsemi Eurydice síðan 1994.

Eitt meginmarkmið Eurydice er að miðla samanburðarhæfum upplýsingum og reynslu um menntamál til stefnumótandi aðila sem nýttast þeim við ákvarðanatöku. Jafnframt að

koma upplýsingum á framfæri við alla sem starfa að skólamáli í Evrópu. Eurydice hefur t.d. gefið út tölfræðiritið Key Data on Education in Europe, Focus on the Structure of Higher Education in Europe og Levels of Autonomy and Responsibilities of Teachers in Europe.

Einnig eru fjölbreytt greiningar- og samanburðarrit gefin út á vegum Eurydice. Annars vegar er um að ræða viðamikinn gagnagrunn fyrir hvert land, [Eurybase](#), þar sem leitast er við að lýsa uppbyggingu menntakerfa landanna og hins vegar athaganir á tilteknum þáttum menntakerfanna svo sem sjálfstæði skóla, tungumálakennslu eða aðgengi að æðri menntun.

Nýtt heiti ráðuneytis

Í samræmi við lög [nr. 98/2009](#) mun heiti menntamálaráðuneytis breytast í dag 1. október 2009 í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

